

Alþingi
Erindi nr. P 140/1698
komudagur 12.4.2012

From: Guðbjörn Jónsson [<mailto:guðbjorni@gmail.com>]

Sent: 12. apríl 2012 15:04

To: Benedikt S. Benediktsson; Jón Gunnarsson; Sigmundur Ernir Rúnarsson; Ólína Þorvarðardóttir; Sigurður Ingi Jóhannsson; Björn Valur Gíslason; Þór Saari; Kristján L. Möller; Lilja Rafney Magnúsdóttir; Einar K. Guðfinnsson

Subject: Athugasemmdir vup frumvarp um stjórn fiskveiða

Heil og sæl. Þó ég hefði ekki verið á lista yfir aðila sem óskað var umsagnar frá, tók ég þá ákvörðun að gera athugasemdir við þá hryggðarmynd sem þetta frumvarp er. Ég hef frá upphafi fiskveiðistjórnunar gagnrýnt beinar lögleysur í framkvæmdinni og undan þeirri gagnrýni hefur orðið ýmsar breytingar, þó minniháttar séu, að frátöldu afburða snöggum viðbrögðum að afnema Kvótaþing (hið gamla) fáum dögum eftir að ég lagði fram kæru vegna ólöglegrar starfsemi þess. Það var í raun brotleg viðbrögð, sem ekki verða frekar rakin hér.

Eins og sjá má af þeim athugasemdum sem ég rita inn á milli í frumvarpstextanum, er mjög áberandi að höfundar texta frumvarpsins, hafa ekki þekkingu á því sem þeir eru að smíða lagagrunn um, og kannski er það þess vegna sem svo áberandi er að þeir hafa ekki heildarsýn yfir viðfangsefnið, eins og fram kemur í athugasemdum.

En ekki meira um það. Ég hvet ykkur til að fara vel yfir þessi mál, því ég get ekki betur séð en þarna sé stefnt beina leið úr öskunni í eldinn.

Með kveð'ju,

Guðbjörn Jónsson

Kríuhólum 4, 111 Reykjavík

Höfundur bókarinnar "Stjórnkerfi fíksveiða í nærmynd"

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

I. KAFLI

Markmið, yfirstjórn, gildissvið og orðskýringar.

Því miður virðist þetta frumvarp vera samið af fólki sem hefur takmarkaða þekkingu á þáttaskilum í öllum þeim hreyfiöflum sem þarf að viðhalda til að af hljótist gott mannlíf í landinu. Þessa sér víða stað í frumvarpinu og slær mann strax í 1. gr. frumvarpsins.

Í 1. greininni er markmiðum laganna lýst í eftirfarandi bókstafa röðun:

a. að stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland,

Eins og vænta mátti er grunnþema fyrri laga yfirfært í þetta frumvarp og er það vel. En næst kemur þetta:

b. að stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi,

Þarna held ég að fólk hafi fallið í einhverja gamaldags kommúníska klisju í því skini að sveipa frumvarpið framtíðarljóma, til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Þó binda megí miklar vonir við að fiskveiðar verði um langa framtíð mikilvægur undirstöðuþáttur farsældar í samfélagi okkar, vona ég svo sannarlega að farsæld framtíðar hvíli á mörgum gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum, sem hver um sig verði reknar af hagkvæmni og arðsemi samféluginu til handa í öllu meira mæli en peningalegri auðssöfnun hjá eigendunum sjálfum. Eins og fólk ætti að sjá er þessi liður víðs fjarri markmiðum um sjálfbæra og hagfelda nýtingu nytjastofna sjávar. Þriðji liðurinn í markmiðunum er eftirfarandi:

c. að treysta atvinnu og byggð í landinu,

Þetta er eiginlega eitt af mikilvægu markmiðum stjórnunar fiskveiða, því fiskvinnsla er yfirleitt mikilvægasta atvinnugrein sjávarbyggða í kringum landið. Næsti liður er eftirfarandi:

d. að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu,

Þetta hefði átt að vera b. liður markmiða laganna, því næst á eftir sjálfbærri nýtingu er eðlilegt að komi þjóðhagslegur ávinningur af nýtingu auðlindarinnar. Hins vegar sýnist mér af því sem fram kemur í frumvarpinu að hugtakinu að: *tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu*, sé ekki fylgt eftir. Þess í stað virðist vera leitast við að tryggja útgerðum svokallaða auðlindarentu. Í raun eru útgerðir við Ísland svo rekstrarlega misjafnar að aldrei verður hægt að setja jöfnunarákvæði í lög sem tryggja EÐLILEGT jafnvægi milli útgerða um afkomuþátt. Þess vegna verður ALDREI hægt að reikna út *eðlilega auðlindarentu*, enda á útgerðin að taka afkomuhag sinn inn í gegnum góða meðferð afla og sölufurli aflans til fiskvinnslunnar. Auðlindarenta til handa útgerðum er því sjónarspil og öfugþróun, í því augnamiði að láta þjóðina taka á sig ábyrgð vegna óarðbærra útgerðarháttá, hvort sem um er að ræða óhentug

skip eða of mikla skuldsetningu, miðað við heildarafla og afkomu útgerðarinnar. Síðasti flokkunarliður markmiðar er eftirfarandi:

e. að sjávarútvegurinn sé arðsamur og búi við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi.

Pennan e. lið hefði ég viljað fella inn í það sem ég vildi gera að b. lið með eftirfarandi hætti.

b. ætíð verði leitað að hagfeldu rekstrarumhverfi fiskiskipa af hagstæðri rekstrarstærð, sem meginmarkmiði þess að laða fram hámarks þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni, og tryggja þjóðinni þannig sem besta búsetu og atvinnustig í sjávarbyggðum, ásamt eðlilegu afgjaldi af auðlindinni,

Lokamálsgrein 1. greinar er eftirfarandi:

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Íslenska ríkið veitir tilskilin leyfi, fer með og ráðstafar hvers kyns heimildum til nýtingar. Slik veiting eða ráðstöfun myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim.

Þarna er greinilega verið að setja inn orðaforða sem gefur tækifæri til hártogunar um meiningu laganna. Til að reyna að fyrirbyggja slíkt, hefði ég mælt með að síðasta málsgreinin væri eftirfarandi:

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Íslenska ríkið veitir öll tilskilin veiðileyfi til nýtingar aflaheimilda samkvæmt þeim takmörkunum sem lög þess greina. Slíkt nýtingarleyfi aflaheimilda myndar ekki eignarrétt, óafturkallanlegt forræði eða sjálfstæða ráðstöfun einstakra aðila yfir hinum úthlutuðu aflaheimildum.

Ég vek athygli á því, vegna þess sem síðar kemur í texta frumvarps þessa, **að hvergi í markmiðum laganna er nefnd heimild til að selja aflaheimildir** eða **flækja ríkissjóð í að bera hlutaábyrgð á rekstrarafkomu einstakra útgerða**. Hafið athyglinar vakandi á þessum atriðum, og fleiri, þegar lengra kemur inn í frumvarpstextann.

2. gr. *Stjórnvöld.*

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Athyglisverð setning í ljósi þess að í Stjórnarskrá og lögum um stjórnarráð Íslands eru afar skír ákvæði **um æðsta valdssvið ráðherra yfir sínum málaflokki**. Í 15. gr. stjórnarskrár segir eftirfarandi:

"15. gr. Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim."

Í lögum um stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 segir svo í II kafla,

"Um skipun ráðherra og verkaskiptingu á milli þeirra."

Þar segir svo í 1. og 2. málsg. 4. gr. laganna:

"4. gr. Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar, sbr. 15. gr.

stjórnarskrárinnar, sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra.

Við skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta skv. 1. mgr. skal þess jafnan gætt, að teknu tilliti til skiptingar Stjórnarráðsins í ráðuneyti skv. 2. gr., að eðlislik stjórnarmálefni heyri undir sama ráðuneyti."

Í 2. gr. stjórnarráðslaga segir svo um skiptingu í ráðuneyti:

*"2. gr. Stjórnarráð Íslands skiptist í ráðuneyti. **Ráðuneyti eru skrifstofur ráðherra og æðstu stjórnvöld framkvæmdarvaldsins hvert á sínu málefnasviði.** Ákveða skal fjölda ráðuneyta og heiti þeirra með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Tillagan skal lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu sem komi þegar til umræðu og afgreiðslu áður en forsetaúrskurður er gefinn út.*

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík."

Eins og þarna liggur ljóst fyrir **ER sjávarútvegsráðherra æðsta stjórnvald í þeim málaflokki.** Hins vegar gæti verið að lauma ætti inn ákvæði sem gæti valdið togstreitu eða deilum. Eins og sést á fyrstu setningu 2. gr. segir að: Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Þar sem einungis er sagt RÁÐHERRA, en ekki **sjávarútvegsráðherra.** Gæti þarna verið á ferð tilraun til að sniðganga stjórnskipan, með því að taka málaflokkinn af sjávarútvegsráðherra og setja annan ráðherra yfir tiltekin mál, líkt og reynt var við Jón Bjarnason á síðasta hausti. Þar sem lögin segja einungis RÁÐHERRA, gæti slík sniðganga verið reynd aftur í skjóli þessa orðalags.

Í 2. mgr. 2. greinar segir svo:

Fiskistofa annast eftirlit samkvæmt lögum þessum og daglega stjórnsýslu.

Eftir orðanna hljóðan annast Fiskistofa *eftirlit samkvæmt lögum þessum*, en síðan er engin skýring á því eftir hverju hin daglega stjórnsýsla á að fara. Ég hefði kosið að orða þessa setningu á eftirfarandi hátt:

Fiskistofa annast eftirlit og daglega stjórnsýslu samkvæmt lögum þessum.

3. málsg. 2. gr. frumvarpsins er eftirfarandi:

"Hafrannsóknastofnunin er til ráðgjafar við framkvæmd laga þessara samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna."

Þetta vita allir sem til þekkja að er ekki rétt. Hafrannsóknarstofnun **er ekki til ráðgjafar um framkvæmd laganna.** Hafrannsóknarstofnun framkvæmir þær rannsóknir sem ákvörðun ráðherrans um heildarafla er byggð á. Eftir að ráðherra hefur tekið ákvörðun um heildarafla, hefur Hafró engin afskipti af framkvæmdinni. Sú ábyrgð hvílir á Fiskistofu, eins og fram kemur hér að framan. Ég mundi því gera tillögu um að 3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, annast Hafrannsóknastofnun allar rannsóknir sem ákvörðun ráðherra um heildarafla er byggð á. Við framkvæmd laga þessara er Hafrannsóknarstofnun einnig til ráðgjafar, í þeim atriðum er lúta að fiskifræðilegum þáttum.

3. gr. *Gildissvið.*

Ákvæði laga þessara taka til veiða úr nytjastofnum innan sem utan fiskveiðilögsögu Íslands.

Utan íslenskrar fiskveiðilögsögu gilda lög þessi um veiðar íslenskra skipa úr nytjastofnum að því marki sem slík tilhögun skarast ekki við lögsögu annars ríkis.

Lög þessi gilda um eftirlit íslenskra aðila með veiðum erlendra og þjóðernislausra skipa úr nytjastofnum á alþjóðlegum hafsvæðum samkvæmt heimildum í milliríkjasamningum og öðrum réttarheimildum þjóðaréttar.

Lög þessi gilda með þeim takmörkunum sem leiðir af samningum við erlend ríki og reglum þjóðaréttar.

4. gr. *Orðskýringar.*

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

1. *Aflaheimild:* Safnheiti yfir heimildir til veiða, bæði **varanlegar** og tímabundnar heimildir. Hugtakið nær m.a. yfir ***aflahlutdeild/krókaaflahlutdeild*** og ***aflamark/krókaaflamark***.

2. ***Aflahlutdeild:*** Hlutdeild í leyfðum heildarafla í nytjastofni.

Þarna eru hugtök á ferð sem ekki eiga sér neinar skýringar í þessum lögum. Hér er átt við orðin **“varanlegar”** heimildir. Ekkert í lögnum skýrir hvað þarna er átt við, enda stangast þetta orð á við meginreglu þessara laga, sem er tímabundinn nýtingaréttur samkvæmt samningi. Engin leið er því að um geti verið að ræða **“varanlegar”** aflaheimildir.

Annað hugtak er þarna á ferð en það er hugtakið **“aflahlutdeild/krókaaflahlutdeild”** Engin útlitun er í frumvarpinu um það hvernig þessi hlutdeild er reiknuð út, hvernig aðilar ávinna sér hlutdeild, hvernig henni sé við haldið eða til hve langs tíma slíkm hlutdeild er veitt. Rétt er að benda á að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að nú verði aflaheimildum úthlutað til lengri tíma en áður var, þegar einungis var úthlutað til eins árs í senn.

Ekki verður hægt að styðjast við meint hugtak úr fyrri lögum um ***aflahlutdeild*** því ákvæðið í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 er algjörlega ófullnægjandi. Þar segir eftirfarandi:

“Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafla er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára.”

Eins og þarna má sjá eru engar reglur tilteknar um hvernig hlutdeild sé fundin ú tog engar skírskotanir til laga eða reglna um þau efni. Þá segir að þessi hlutdeild nefnist ***aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára***. Eins og fyrr er getið, er úthlutun aflaheimilda samkvæmt lögum nr. 116/2006 einungis til eins árs í senn. Engar forsendur eru

settar fram í þeim lögum fyrir því hvers vegna hlutdeild í eins árs úthlutun eigi að haldast **óbreytt milli ára**.

Eins og hér hefur verið dregið fram, vantar allar lögskýringar og lagafyrirmæli varðandi framangreind atriði.

3. *Aflamark*: Heimild til að veiða tiltekið magn af afla mælt í kg innan fiskveiðiárs eða annars tímabils samkvæmt lögum þessum.

4. *Deilistofn*: Nytjastofn sem veiðist innan og utan íslenskrar fiskveiðilögsögu og Íslendingar deila eftir atvikum með öðrum þjóðum.

5. *Fiskveiðiár*: 12 mánaða tímabil, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta árs.

6. *Fiskveiðilögsaga Íslands*: Hafið og hafsbotninn frá stórstraumsfjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands.

7. *Heildaraflamark*: Sá heildarafli, mælt í kg, sem ráðherra ákveður að heimilt sé að veiða á ákveðnu tímabili úr einstökum nytjastofnum.

8. *Heildarafli*: Óslægður afli upp úr sjó.

9. *Krókaaflahlutdeild*: Hlutdeild í leyfðum heildarafla í nytjastofni.

10. *Krókaafلامark*: Heimild báts, sem hefur leyfi til að veiða sem krókabátur, til að veiða tiltekið magn af afla mælt í kg.

11. *Nytjastofn*: Sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð.

12. *Nýtingarleyfi*: Tímabundið leyfi sem felur í sér handhöfn aflahlutdeildar.

13. *Þorskígildi*: Árlega reiknaður stuðull sem lýsir verðmæti 1 kg af tiltekinni tegund sem hlutfalli af verðmæti 1 kg af þorski.

II. KAFLI Veiðileyfi.

5. gr. *Veiðileyfi*.

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi, sem Fiskistofa gefur út að eftirgreindum skilyrðum uppfylltum:

1. Skip hafi haffærisskírteini og sé skrásett í skipaskrá Siglingastofnunar Íslands sem fiskiskip, eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum.

2. Eigandi og/eða útgerð skipsins fullnægja skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilögsögu Íslands.

Almenn veiðileyfi eru tvenns konar: veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaafلامarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft annaðhvort veiðileyfi með aflamarki eða krókaafلامarki.

Veiðileyfi með krókaafلامarki verður ekki gefið út á fiskiskip sem er stærra en 15 brúttó-tonn. Verði bátur stækkaður umfram þá stærð fellur veiðileyfi með krókaafلامarki niður.

Auk almenns veiðileyfis er fiskiskipum skylt að hafa sérstakt leyfi til annarra veiða eftir því sem nánar er mælt fyrir um í þessum lögum og öðrum lögum á sviði fiskveiðistjórnar.

III. KAFLI Veiðistjórn.

6. gr. *Veiðar að ósekju.*

Veiðar á þeim nytjastofnum sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla eru frjálsar öllum þeim skipum sem fá **almenn t veiðileyfi skv. 5. gr.**, með þeim takmörkunum sem leiðir af þessum lögum og öðrum lögum á sviði fiskveiðistjórnar.

Með hliðsjón af 75. gr. stjórnarskrár, þar sem segir að: “Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa”, er vandséð að heimilt sé að binda veiðar úr nytjastofnum sem ekki sæta takmörkunum, veiðileyfum eins og eðlilega þarf til að fá heimild til veiða úr takmörkuðum stofnum. Eðlilegra hefði verið að þarna stæði að veiðarnar væru frjálsar öllum skipum sem hefðu haffærissskírteini og hreinlætisvottorð.

7. gr. *Heildarafla.*

Ráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð heildarafla sem veiða má á ákveðnu fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð úr einstökum nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. **Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið að fylgt sé langtímanýtingarstefnu fyrir einstakar tegundir til allt að fimm ára í senn.**

Þessi síðasta setning fyrstu málsgreinar sýnir á áberandi hátt þekkingarleysi frumvarpssmiða á viðfangsefninu. Grunnregla fiskveiðistjórnunar er **langtímamarkmið um uppbyggingu fiskistofna** eins og segir í Markmiðum frumvarpsins 1. gr. a. lið, en þar stendur að markmið laganna sé: “*að stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland.*”.

Í lögum sem hafa það að FYRSTA MARKMIÐI að vernda sjálfbæra nýtingu fiskistofna, telst fimm ára regla SKAMMTÍMAHUGSUN. Síðasta setning 1. mgr. 7. gr. verður því að falla burt, því hún gengur þvert gegn höfuðmarkmiðum laganna.

Heildarafla botnfisktegunda fyrir komandi fiskveiðiár skal ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Heildarafla annarra nytjastofna skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi veiðitímabils. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiárs eða veiðitímabils að auka eða minnka heildarafla samkvæmt þessari grein.

Áætlaður aflí erlendra skipa reiknast til heildarafla og skal dragast frá fyrir úthlutun skv. 8. gr. Eftirtalinn aflí reiknast ekki til heildarafla:

1. Veiðar í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, sem og annarra rannsóknastofnana.
2. Veiðar í fræðsluskyni, enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fénýttur.

3. Afli sem reiknast ekki til aflamarks sbr. 25. gr.

8. gr. *Úthlutun samkvæmt aflahlutdeildum.*

Hafi nytjastofni, sem veiðar eru takmarkaðar úr skv. 7. gr., verið ráðstafað í **aflahlutdeildir**, skal ráðherra með reglugerð skipta heildaraflamarki hvers fiskveiðiárs í stofninum í flokka sem hér segir:

1. *Flokkur 1:* Samkvæmt **aflahlutdeildum og krókaaflahlutdeildum**, sbr. IV. kafla.
2. *Flokkur 2:* Samkvæmt **annarri aflahlutdeild**, sbr. VI. kafla.

Hér er enn á ferðinni ákvæði **sem ekki eiga sér neina fótfestu í þessum lagatexta**, en það eru hugtökin **aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild**. Að framan er rakið að engin lagaregla er sett um þessi hugtök í þessum lagatexta og ekki vísað til þess að þessi hugtök séu samkvæmt einhverjum öðrum lögum. Þó í texta 8. gr. sé vísað til IV og VI kafla þessara laga, en í þeim köflum **eru engar nauðsynlegar reglur um þessi hugtök**, reglur líkt og að framan er rakið.

Verði ákveðinn heildarafli þorsks fyrir fiskveiðiár, sbr. 1. mgr., sem nemur meira en 202.000 lestum, fyrir ýsu sem nemur meira en 66.000 lestum, fyrir ufsa sem nemur meira en 50.000 lestum eða fyrir steinbít sem nemur meira en 14.000 lestum skulu 60% þess aflamarks sem umfram er í hverri tegund renna til flokks 1 og 40% til flokks 2.

Þessi 2. mgr. 8.gr. er alveg hræðilega klúðurslega orðuð og mjög erfitt að skilja hver meiningin á að vera. En líklega er meiningin sú sem sett er fram hér fyrir neðan.

Verði ákveðið að heildarafli fyrir fiskveiðiár, sbr. 1. mgr., nemi meira en 202.000 lestum þorsks, 66.000 lestum ýsu, 50.000 lestum ufsa og 14.000 lestum steinbít, skulu 60% þess aflamarks sem umfram er í hverri tegund, renna til flokks 1 og 40% til flokks 2.

9. gr. *Nytjastofnar utan aflahlutdeilda.*

Hafi nytjastofni, sem takmarka þarf veiðar úr skv. 7. gr., ekki verið ráðstafað í aflahlutdeildir skv. 8. gr., er ráðherra heimilt með reglugerð að stjórna veiðum á stofninum, með ákvörðun um leyfilegan heildarafla, eða árlegri úthlutun tiltekins magns, til einstakra skipa eða skipaflokka á grundvelli stærðar eða gerðar skips, veiðiaðferða, búnaðar, svæða, heimahafnar skips og útbreiðslu stofna. Reglur um stjórn veiðanna skulu tryggja að afli verði innan áætlaðs heildarafla.

Þegar veiðireynsla hefur myndast í stöðugu umhverfi og að öðrum efnislegum forsendum uppfylltum **flytur ráðherra frumvarp til laga um úthlutun aflahlutdeilda í viðkomandi nytjastofni**. Tekið skal mið af veiðireynslu, bæði fyrir og eftir gildistöku laga þessara, réttmætum hagsmunum þeirra sem hófu veiðar, verðmætamyndun og heildarmarkmiðum laganna.

Þarna er góður punktur. Um nýjar kvótategundir **flytur ráðherra frumvarp til laga um úthlutun aflahlutdeilda**. Hvers vegna þarf þá ekki líka að flytja frumvarp til laga um aflahlutdeildir þeirra tegunda sem nú þegar hafa verið kvótasettar? OG, á hvaða lagaheimildum eru núverandi aflahlutdeildir byggðar? Lagaheimildir sem lýsa því

hvernig útgerð ávinnur sér hlutdeildarrétt, hvernig honum er við haldið og hvernig hann flyst milli úthlutunarára o.s.frv.

10. gr. *Veiðar utan fiskveiðilögsögu.*

Ráðherra getur sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndar lifandi auðlindum hafsins eins og nánar er kveðið á um í þessari grein og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að binda veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilögsögunnar sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 1. mgr., eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar deilistofna. Veiðar í þessum tilvikum eru óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja, eftir því sem við á.

Ráðherra getur sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum þegar Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn sem gerðar hafa verið á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við. Getur ráðherra í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og eru þær þá óheimilar án slíkra leyfa. Binda má leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Ákvæði 1. mgr. 9. gr. gilda í þessum tilvikum eftir því sem við getur átt.

IV. KAFLI Flokkur 1: [Aflahlutdeildir og krókaaflahlutdeildir.](#)

11. gr. *Leyfi til að nýta aflahlutdeild.*

Til og með 1. ágúst 2012 býðst eigendum þeirra skipa sem þá ráða yfir [aflahlutdeild](#) að staðfesta hjá Fiskistofu, með undirritun eða öðrum fullgildum hætti, að gangast undir leyfi til að nýta [aflahlutdeild](#) til 20 ára frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013 að telja. Tefjist veiting leyfis umfram frest þennan af ástæðum sem ekki varða stjórnvöld er viðkomandi aðila óheimilt að nýta aflamark frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013. Aflaheimildum hans verður ráðstafað til flokks 2 hinn 1. desember 2012 hafi hann á þeim tíma ekki gengist undir leyfið.

Það eru engin lög til um [aflahlutdeild](#). Þess vegna getur ekki verið fyrir hendi lögleg aflahlutdeild þann 1. ágúst 2012. Ekki er heldur í þessu frumvarpi nein lagagrein sem lýsir hvernig aflahlutdeild verður til, hvaða rétt hún skapar o.s.frv. Eins og fram kom hér að framan, er gert ráð fyrir því að ráðherra þurfi að flytja lagafrumvarp til að hægt verði að mynda aflahlutdeild í nýjum kvótategundum. Þá hlýtur það sama að þurfa að gilda um þær fiskitegundir sem þegar hafa verið kvótasettar. Það hlýtur að þurfa lög sem segi fyrir um hvernig útgerðir ávinni sér aflahlutdeild í þessum tegundum. Slík lög eru ekki til í dag, **þess vegna eru ENGAR GILDAR AFLAHLUTDEILDIR TIL.**

20 ára lokaður samningur, án riftunarheimilda getur ekki komið til greina. Það getur ekki staðist neinar lagaforsendur að hægt sé að gera slíkt samkomulag um bindi 20 löggjafarþing gagnvart óhagkvæmri útgerð, sem mundi litlum eða eignum greiðslum skila til ríkisins, færi jafnvel illa með aflann svo lægra verð fengist fyrir afurðir og margt fleira mætti telja til. Þetta er svo vanhugsað glapræði að það virðist engin þekking á þjóðfélagshagsmunum vera í þessum áformum.

Fiskistofa gefur út **nýtingarleyfi**. Leyfi til að nýta **aflahlutdeild** felur í sér ígildi samkomulags milli ríkisins og handhafa leyfis **um handhöfn þeirra hlutdeilda** sem leyfinu fylgja til afmarkaðs tíma. Leyfishafi viðurkennir að honum er veittur aðgangur að sameiginlegri og ævarandi eign þjóðarinnar, honum er skylt að fara að lögum á sviði fiskveiðistjórnar og ber að greiða gjald fyrir nýtingarheimild sína. **Bæði leyfishafi og íslenska ríkið skuldbinda sig til að viðhalda og varðveita nytjastofnana sem leyfið er byggt á.** Með nýtingarleyfinu skal fylgja skrá um aflahlutdeildir skipsins. Framsal leyfisins er ekki heimilt, hvorki að hluta né heild.

Tilkynni ráðherra ekki að annað sé fyrirhugað framlengist nýtingarleyfi um eitt ár í senn, og ár frá ári, þannig að 15 ár verði jafnan eftir af gildistíma þess. Tilkynningu um fyrirhugaðar grundvallarbreytingar eða brottfall nýtingarleyfis er fyrst heimilt að gefa út þegar fimm ár eru liðin af tímalengd leyfis skv. 1. mgr. Ráðherra skal, áður en slík tilkynning er gefin út, leita samþykkis Alþingis í formi þingsályktunartillögu. Nýtingarleyfi fellur niður sé engin aflahlutdeild bundin því.

Þessi málsgrein verður að falla burt eins og hún leggur sig. Engin leið er fyrir Alþingi að fallast á 15 ára uppsagnarákvæði nýtingarréttar sem ekki er bundinn formlegum samningi með skýrum skyldum handhafa nýtingarréttar og ákvæðum um riftun sammings eða sviptingu nýtingarleyfis.

Telja verður afar óljóst hvort Alþingi hafi í raun heimild til að binda hendur Alþingi framtíðarinnar með þeim hætti sem hér er áformað.

Allir þeir sem eiga fiskiskip sem hefur almennt veiðileyfi og flytja á það aflahlutdeild eiga rétt á útgáfu nýtingarleyfis með sömu takmörkunum um gildistíma og skilyrðum sem gilda um upphafleg nýtingarleyfi, sbr. 1.–3. mgr. Þannig skal upphafleg tímalengd nýrra leyfa miðast við 1. ágúst 2012.

12. gr. *Framsal aflahlutdeilda.*

Fiskistofa skal leyfa flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa, ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

1. Flutningur aflahlutdeildar leiðir ekki til þess að aflaheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

2. Fullnægjandi upplýsingar um **kaupverð** aflahlutdeildar fylgja.

Þetta er athyglivert. Þarna er allt í einu talað um **kaupverð** aflahlutdeildar, en engar heimildir eða lög hafa verið samþykkt sem heimili **SÖLU AFLAHLUTDEILDAR, AFLAMARKS EÐA KVÓTA**. Í 1. gr. frumvarpsins, Markmiðum laganna, er sagt að **Nytjastofnar á**

Íslandsmiðum eru **sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar**. Að leyfishafi órífanlegs nýtingaréttar til 20 ára, geti **SELT** aflahlutdeild eða aflamark er beinlínis brot á grundvallarmarkmiðum laganna um **ævarandi eign íslensku þjóðarinnar á aflaheimildunum**.

3. Skip sem flutt er til hefur almennt veiðileyfi.
4. Framsal fellur ekki undir takmörkun skv. 13. gr.

Þegar aðilaskipti verða að fiskiskipi, eða aflahlutdeild er flutt milli fiskiskipa skv. 1. mgr., skal Fiskistofa skerða aflahlutdeild fiskiskipsins, eða þá aflahlutdeild sem er framseld, um 3% og ráðstafa í flokk 2. Til aðilaskipta teljast kaup og sala, sameining og yfirtaka. Þetta gildir ekki um flutning aflahlutdeilda milli skipa í eigu eins og sama aðila, einstaklings eða lögaðila

Hámark á framsali aflahlutdeildar einstakra tegunda af skipi skal vera hlutfall heildaraflamarks í viðkomandi tegund eins og því var úthlutað fiskveiðiárið 2011/2012 og heildaraflamarks í tegund á því ári sem framsal fer fram. Hlutfall þetta skal margfalda með aflahlutdeild skipsins í viðkomandi tegund og útkoman segir til um hve stóran hluta af aflahlutdeildinni er heimilt að framselja. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Heimild til framsals aflahlutdeilda samkvæmt þessari grein fellur niður við upphaf fiskveiðiársins 2032, án tillits til framlengingar leyfa skv. 3. mgr. 11. gr. og útgáfu nýrra leyfa skv. 4. mgr. 11. gr.

13. gr. *Forgangsréttur að aflahlutdeildum.*

Fiskistofa skal tilkynna ráðherra ef ætla má að **samanlögð framsöl eða önnur ráðstöfun aflahlutdeilda**, þ. m. t. flutningur skipa, fari yfir 20% aflaheimilda í þorskígildum talið frá viðkomandi byggðarlagi eða sveitarfélagi samkvæmt skráðri úthlutun hlutdeilda fyrir fiskveiðiárið 2012/2013.

Þarna virðast höfundar frumvarpsins gleyma því að aflahlutdeild eða úthlutun aflamarks er bundin undirrituðum samning milli rétthafa nýtingar og ríkisins og sá samningur hefur 15 ára uppsagnarákvæði og verður því ekki breytt á þeim tímum Fyrst ríkið er bundið samningnum í 15 ár, er óhjákvæmilegt að gagnaðilinn sé það líka. Þetta er greinilega allt afar mikið vanhugsað. Heppilegast væri að þetta frumvarp væri dregið til baka, þar sem öll gerð þess er afar óvandaður lagatexti og greinilega án þekkingar á málefnum; meira að segja þeim þáttum sem tiltekin eru í texta frumvarpsins.

~~Ráðherra er heimilt, innan fjögurra vikna frá tilkynningu, að neyta forgangsréttar að aflahlutdeildunum ef ætla má að ráðstöfun þeirra hafi umtalsverð neikvæð áhrif í atvinnu eða byggðalegu tilliti sökum hlutfallslegs mikilvægis sjávarútvegs í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi.~~

Þar sem um er að ræða samningsbundinn nýtingarrétt, getur tilfærsla á aflamarki eða aflahlutdeild ekki farið fram fyrr en gildandi samning hefur verið sagt upp og gerður hefur verið nýr samningur við nýjan rétthafa nýtingar.

~~—Endurgjald íslenska ríkisins fyrir aflahlutdeildirnar skal miðast við **umsamið-söluverð þeirra**. Aðgreiningu um skilmála og samningsverð er unnt að vísa til gerðardóms sem skipaður skal samkvæmt lögum nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma.~~

Enn og aftur kemur að því sama að engin lög eru til sem heimila sölu aflaheimilda í neinu formi, enda ófrávikjanleg markmið laganna að aflaheimildir á Íslandsmiðum skuli vera **ævarandi eign íslensku þjóðarinnar**.

Þessi málsgrein verður því að falla niður.

Ráðherra skal ráðstafa aflahlutdeildum, sem hann innleysir á grundvelli forgangsréttar, innan viðkomandi byggðarlags, sveitarfélags eða landshluta samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands. Skal ráðherra auglýsa hlutdeildina til sölu í viðkomandi landshluta. Eigendur skipa í byggðarlagi skulu hafa forgang að umræddum aflaheimildum, síðan eigendur skipa í sveitarfélagi og loks eigendur skipa í landshlutanum.

Eins og að framan er getið, gerir rétthafi nýtingarréttar bindandi samning við Fiskistofu um nýtingarrétt tiltekinnar aflahlutdeildar (aflamarks). Eins og að framan greinir er þessi samningur óuppseggjanlegur fyrstu 5 árin en eftir það með 15 ára uppsagnarfresti. Þar sem öll slík ákvæði eru ævinlega gagnkvæm í öllum samningum, er erfitt að sjá fyrir sér að ráðherra innleysi á grundvelli forgangsréttar, sem hvergi hefur sést ákvarðaður enn í lagatextanum.

14. gr. *Aflamark einstakra skipa.*

Aflamarki í nytjastofnum, sem kemur til ráðstöfunar samkvæmt aflahlutdeildum sbr. 8. gr., skal úthlutað til einstakra skipa til samræmis við skráða aflahlutdeild þeirra.

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.

15. gr. *Flutningur aflamarks.*

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki skal Fiskistofa leyfa flutning þess á annað fiskiskip ef einu eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

1. Skipin eru í eigu og rekstri sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Um er að ræða jöfn skipti milli aðila miðað við ~~meðaltalsviðskiptaverð~~ síðastliðins hálfmánaðar viðkomandi tegunda ~~á kvótapiingi Fiskistofu~~. Liggja ekki fyrir ~~meðaltalsviðskiptaverð~~ síðastliðins hálfmánaðar á annarri eða báðum tegundunum sem skipt er á, **skal miðað við jöfn skipti í þorskígildiskílóum talið**.

Hér er enn eitt dæmið um að höfundar þessa frumvarpstexta virðast ekki skilja hvað felst í hugtakinu **ævarandi eign íslensku þjóðarinnar**. Þessir aðilar þrástaga á söluþáttum þó sala sé algjörlega óheimil. Af því leiðir að óheimilt verður að teljast að miða í lagatextanum við meðalviðskiptaverð, þegar sala er algjörlega óheimil samkvæmt markmiðum 1. gr. laganna. Yfirstrikaði textinn verður því að falla út.

3. Þegar Fiskistofa hefur veitt heimild skv. 2. mgr. 17. gr.

Eins og á eftir kemur fram, þá er 17. greinin algjörlega ólögleg og í alla staði óeðlileg.

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki ~~skal Fiskistofa leyfa sölu þess á kvótapiingi, ef öðru eftirtalinna skilyrða er fullnægt:~~

Eins og að framan hefur verið getið, þá er Fiskistofu **ALGJÖRLEGA ÓHEIMILT** að leyfa **SÖLU** aflamarks þar sem aflamarkið er **ævarandi eign íslensku þjóðarinnar**.

1. Aflamarkið nemur minna en 5% úthlutaðs aflamarks til skipsins í upphafi fiskveiðiárs.
2. Aflamark nemur eigi meira en þriðjungi þess aflamarks sem skip hefur nýtt á hverjum tíma í þorskígildum talið. Heimilt er að víkja frá þessu vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjóttjóns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er flutningur aflamarks á fiskiskip óheimill ef eitt af eftirtöldu á við:

1. Fiskiskip sem flutt er til hefur ekki almennt veiðileyfi.
2. Ekki liggur fyrir staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að í gildi sé samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Þetta gildir ekki um flutning aflamarks til báta sem eingöngu stunda frístundaveiðar.

3. Aflaheimildir skips sem flytja skal til verða bersýnilega umfram veiðigetgu þess.

Frestur til að óska eftir flutningi aflamarks rennur út 15 dögum eftir að fiskveiðiári eða veiðitímabili lýkur.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá takmörkunum þessarar greinar á flutningi aflamarks við lok fiskveiðiárs eða veiðitímabils ef sýnt þykir að verulegt aflamark nýtist ekki með öðrum hætti.

16. gr. *Krókaaflamarksskip.*

Krókaaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar fiskiskipa sem hafa veiðileyfi til veiða með krókaaflamarki. Þó er ráðherra heimilt að veita krókaaflamarksskipum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum. Ráðherra er heimilt að setja reglur um leyfðan meðafla krókaaflamarksskipa.

Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til skips sem hefur veiðileyfi með krókaaflamarki. Aflahlutdeild skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki verður ekki flutt á skip sem hafa veiðileyfi með krókaaflamarki. Sama gildir um aflamark að breyttu breytanda.

Að öðru leyti gilda um krókaaflahlutdeildir og krókaaflamark allar sömu reglur og í lögum þessum gilda um aflahlutdeildir og aflamark.

V. KAFLI ~~Kvótaping.~~

~~17. gr. Kvótaping.~~

~~Fiskistofa starfrækir markað fyrir aflamark, kvótaping, sem skal:~~

Hér verður strax að taka fram að fullkomlega er ólöglegt að setja skyldurá sjávarútvegráðuneyti að það reki stofnun eins og Kvótaping, sem ætlað er að stunda viðskipti sem ekki eru heimil samkvæmt núgildandi lögum og geta ekki orðið heimil samkvæmt þeim lögum sem kæmu frá þessu frumvarpi, þar sem eitt mikilvægasta markmið laganna er að aflahlutdeild (aflaheimildir) verði **ævarandi eign íslensku þjóðarinnar**.

Samtímis lögnum um stjórn fiskveiða, sem sett voru 1990, voru sett lög um Kvótaping. Sá sem hér ritar athugasemdir gerði athugasemdir við þá starfsemi, þar sem engar lagaheimildir voru til að selja þá vöru sem Kvótaping átti að höndla með, þ. e. aflaheimildir á Íslandsmiðum. Gagnrýni minni var ekkeret sinnt, fyrr en ég kærði starfsemina formlega, en þá var Kvótaping lagt niður með hraði (á einni viku) og þegar í stað þurrkað út úr lagasafni Alþingis og var því eins og Kvótaping hefði aldrei verið til.

Þar sem lagaheimildir eru ekki til staðar nú, til sölu aflaheimilda, og slíkar heimildir geta ekki orðið til miðað við þetta frumvarp, er ljóst að 17. gr. þessa frumvarps verður að þurrkast úr í heilu lagi.

- ~~— a. — vera vettvangur viðskipta með aflamark,~~
- ~~— b. — annast greiðslumiðlun milli kaupenda og seljenda aflamarks,~~
- ~~— c. — safna og miðla upplýsingum um viðskipti með aflamark.~~

~~Þegar um er að ræða framsal aflamarks í tegund þar sem viðskipti eru svo lítil að ekki eru forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði getur Fiskistofa veitt undanþágu frá viðskiptaskyldu á kvótapingi.~~

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um framsal krókaaflamarks og aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, eftir því sem við á. Fiskistofa skal jafnframt birta aðgengilegar upplýsingar um meðaltalsviðskiptaverð einstakra tegunda á kvótapingi síðastliðins hálf mánaðar.

~~Gjald fyrir kostnaði Fiskistofu af rekstri kvótapings skal ákveðið af ráðherra. Gjaldið skal greitt fyrir fram eða samhliða flutningi aflamarks. Hæð gjaldsins skal að hámarki standa undir kostnaði Fiskistofu af rekstri kvótapings.~~

~~Komi í ljós að aðili, einstaklingur eða lögaðili, hafi selt á kvótapingi aflamark sem ekki var heimilt að ráðstafa skal útgerð þess skips sem aflamark var flutt af bæta það tjón sem slík sala hefur valdið. Enn fremur er heimilt að útiloka slíkan aðila frá frekari viðskiptum á kvótapingi nema hann flytji fyrir fram aflamark frá skipi sínu og setji viðbótartryggingar sem nægilegar eru að mati Fiskistofu.~~

~~Óheimilt er einstaklingum eða lögaðilum að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með aflamark eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með aflamark í tilteknum tegundum eða hafa óeðlileg áhrif á verðmyndun þess.~~

~~Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um viðskipti með aflmark, m.a. um tilgreiningu upplýsinga um magn og verð á aflamarki, hámarks- og lágmarksverð, skráningu og meðferð sölu og kauptilboða, lágmarksverð, skráningu og frágang viðskipta, greiðslumiðlun og meðferð upplýsinga.~~

VI. KAFLI Flokkur 2: Önnur aflahlutdeild.

18. gr.

Önnur aflahlutdeild.

Aflamarki í nytjastofnum, sem kemur til ráðstöfunar á hverju fiskveiðiári samkvæmt aflahlutdeild í flokki 2, sbr. 8. gr., skal með reglugerð skipt til úthlutunar á kvótapiplingi skv. 19. gr., til strandveiða skv. 20. gr. og til ráðstafana skv. 20.–24. gr. Um flutning þess gilda ekki ákvæði IV. kafla nema annað sé tekið fram.

Frá og með fiskveiðiárinu 2015/2016 er heimilt að ráðstafa tilteknu magni aflahlutdeilda sem ríkið hefur yfir að ráða samkvæmt flokki 2 til að stuðla að nýliðun með útgáfu nýrra nýtingarleyfa. Verða þá slík nýliðunarleyfi annaðhvort boðin út eða úthlutun þeirra bundin svæðum sem hallað hefur á í atvinnu- og byggðalegu tilliti.

Ráðherra leggur fyrir Alþingi, á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 2013, skýrslu um meðferð og ráðstöfun heimilda í flokki 2 ásamt tillögu til þingsályktunar um hlutfallslega skiptingu árlegs aflamarks sem kemur til ráðstöfunar samkvæmt þessum kafla.

19. gr. *Ráðstöfun til kvótapiplings.*

Heimilt er að ráðstafa aflamarki um kvótapipling. Í reglugerð er heimilt að skilyrða hluta ráðstöfunarinnar við útgerðir sem eru staðsettar á tilteknum svæðum að bundum nánari skilyrðum.

Tekjur sem aflað er við ráðstöfun aflamarks úr flokki 2 samkvæmt þessari grein renna í sérstakan sjóð á vegum ráðherra. Úr sjóðnum er ráðstafað samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Skal ríkið njóta 40% tekna, sveitarfélög 40% og markaðs- og þróunarsjóður tengdur sjávarútvegi 20%.

20. gr. *Strandveiðar.*

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra ráðstafa 6.665 þorskígildum í þorski og ufsa til veiða með handfæri á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst. Skipting milli tegunda er ákveðin með reglugerð. Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og leyfi til þeirra veiða strandveiðileyfi. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaafamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda. Aflaheimildum sem ráðstafað er til strandveiða skal skipt á fjögur landsvæði.

Fiskistofa gefur út strandveiðileyfi, til eins veiðitímabils í senn. Öðlist skip leyfi til strandveiða er óheimilt að nýta aflamark eða krókaafلامark á skipinu það sem eftir lifir fiskveiðiárs. Einungis er heimilt að veita hverjum umsækjanda leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.

Óheimilt er að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Frá útgáfudegi strandveiðileyfis og til loka fiskveiðiárs er fiskiskipi óheimilt að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Strandveiðileyfi skal veitt á því landsvæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og skal öllum afla fiskiskips landað í löndunarhöfn innan þess landsvæðis. Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili. Fiskistofa stöðvar strandveiðar frá hverju landsvæði þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers tímabils verði náð.

Leyfi til strandveiða samkvæmt þessari grein eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna strandveiðar á almennum frídögum.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við tímann frá því að fiskiskip lætur úr höfn til veiða og þar til það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi.
3. Tilkynna skal Fiskistofu um sjósókn fiskiskipsins í samræmi við reglur sem ráðherra setur.
4. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í fiskiskipi. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
5. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð.
6. Skytt er að landa öllum afla í lok hvernar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.

Þá skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, fari afli fiskiskips umfram lögbundið hámark. Gjald skal lagt á afla í samræmi við hlutfallslega skiptingu afla eftir tegundum. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því tímabili þegar hann barst að landi.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um strandveiðar. Þar er heimilt að kveða á um:

1. Lágmarksdagafjöldi fyrir hvert fiskiskip í maí og júní í því skyni að auka öryggi við strandveiðar.

2. Skilyrði um eignarhald. Ef eigandi fiskiskips er lögaðili, er heimilt að kveða á um lágmarkseignarhlutdeild lögskráðs aðila í lögaðilanum. Heimilt er að kveða á um að enginn eigenda lögaðilans geti átt aðild að nema einu strandveiðileyfi.

3. Skiptingu landsvæða og aflaheimilda á tímabil.

21. gr. *Bætur og byggðakvóti.*

Heimilt er að ráðstafa aflamarki í botnfiski til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð.

Heimilt er að ráðstafa aflamarki í botnfiski, til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

1. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.

2. Til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.

Ráðherra setur nánari ákvæði um úthlutun samkvæmt þessari grein í reglugerð. Þar er heimilt að kveða á um:

1. Úthlutun aflaheimilda skv. 2. mgr. innan einstakra byggðarlaga. Þar skal kveðið á um skilgreiningu á byggðarlagi, viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga.

2. Almenn skilyrði úthlutunar til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Einnig er ráðherra heimilt að setja reglur um að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðiári. Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist skulu þær birtar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu ráðuneytisins, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þeirra. Fallist ráðherra á tillögur sveitarstjórna um slík skilyrði staðfestir ráðuneytið tillögurnar og auglýsir þær í B-deild Stjórnartíðinda.

Flutningur aflamarks sem ráðstafað er skv. 2. mgr. er aðeins heimill hafi fiskiskip efnt löndunar- og vinnsluskyldu skv. 5. mgr. Að öðru leyti gilda ákvæði 15. gr.

Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt

samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt, að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar, að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.

Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Ákvarðanir Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til ráðuneytisins. Kærufrestur er tvær vikur frá tilkynningu Fiskistofu um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið leggja úrskurð á kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.

Heimilt er að flytja aflamark einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark sem er flutt frá eldra fiskveiðiári skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.

22. gr. *Línuviltun.*

Heimilt er að ráðstafa aflamarki í botnfiski til línuviltunar og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja. Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafla á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuviltunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbítisafli skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð.

Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða. Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög um vaktstöð siglinga.

23. gr. *Fiskveiðar til eigin neyslu.*

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla sem veiddur er samkvæmt þessari heimild er óheimilt að selja eða fénýta. Ráðherra getur með reglugerð sett takmörkun við að þessi heimild nái yfir tiltekna nytjastofna.

24. gr. *Sjóstangaveiðimót. Fristundaveiðar.*

Heimilt er að ráðstafa aflamarki til tiltekins fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta enda komi leigugjald fyrir er taki mið af meðalleiguverði síðastliðna sex mánuði fyrir viðkomandi tegund.

Heimilt er að ráðstafa aflamarki til fiskiskipa sem hafa leyfi Fiskistofu til frístundaveiða til eins fiskveiðiárs í senn, enda hafi umsækjandi öðlast leyfi Ferðamálastofu skv. 8. gr. laga um skipan ferðamála. Leyfi til frístundaveiða eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjöldi fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts.

2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaafلامarki viðkomandi fiskiskips. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafila. Um afla báta sem eingöngu stunda frístundaveiðar gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Heimilt er að selja og fénýta þann afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

Innan sama fiskveiðiárs er einungis heimilt að veita skipi leyfi annaðhvort skv. 1. eða 2. tölul. 2. mgr. Skip sem hafa leyfi til frístundaveiða skv. 2. mgr. skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni. Þegar skip er á frístundaveiðum er almennt veiðileyfi óvirkt.

Aðeins er heimilt að stunda veiðar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar á þeim bátum sem leyfi fá samkvæmt þessari grein. Rekstraraðili skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn skips reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að skipið stundi frístundaveiðar og enn fremur reglur um bann við brottkasti afla og reglur um meðferð afla.

25. gr. *Áframeldi þorsks.*

Heimilt er að ráðstafa aflamarki í óslægðum þorski til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylgist með tilrauninni og birtir niðurstöður um gang hennar.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um meðferð aflaheimilda.

26. gr. *Tegundatilfærsla og flutningur aflamarks milli fiskveiðiára.*

Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við ~~verðmætahlutföll (þorskígildisstuðul) einstakra tegunda, sbr. 37. gr.~~ Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 1,5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Tilfærsla úr einstakri botnfisktegund getur þó aldrei orðið meiri en 30% af aflamarki skips í viðkomandi tegund. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski. Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. másl. skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við hærri viðmiðun en 1,5% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks.

Engar forsendur eru fyrir því að tengja nein ákvæði þessara laga við VERÐMÆTI afla. Lögin fjalla eingöngu verndun og nýtingu fiskistofna og sjálfbæra nýtingu þeirra. Öllum aflaheimildum er úthlutað í magntölum og stjórnunin og þessi lög snúast um takmörkun á því

MAGNI sem veitt er, en hvergi markmiðum laganna minnst á verðmæti afla. Enda væri það fullkomlega óeðlilegt og ósamrýmanlegt jafnræðisreglu stjórnarskrár, að binda stjórnunarþætti við verðmæti afla í stað magns.

Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 15. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki hvernar botnfisktegundar og aflamarki úthafs-rækju, humars og síldar, 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Ráðherra getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, hækkað fyrrgreint hlutfall aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.

Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hvernar botnfisktegundar, síldar, úthafs-rækju og humars og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

27. gr. *Undirmál og umgengni.*

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili. Ráðherra skal binda heimild þessa við ákveðin tímabil. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður. Heimilt er þó Fiskistofu að veita undanþágu frá aðskilnaði afla við uppsjávarveiðar ef aðskilnaður er af tæknilegum ástæðum ómögulegur.

2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs samkvæmt lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Sé afli sem ekki er reiknaður til aflamarks, sbr. 2. mgr., umfram heimild í lok tímabils skal sá afli reiknast til aflamarks að fullu og á aðili ekki kost á endurgreiðslu andvirðis aflans.

Sé heimild í 2. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

Ákvæði 2. mgr. gildir ekki um veiðar á deilistofnum eða stofnum utan fiskveiðilögsögunnar, nema ráðherra ákveði annað. Ákvæði 2. mgr. gilda hvorki um strandveiðar né frístundaveiðar.

28. gr. *Álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað.*

Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

29. gr. *Skylda til vinnslu til manneldis.*

Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Hlutfall uppsjávarafla einstakra skipa, eða meðaltal uppsjávarafla fleiri skipa í eigu og rekstri sama aðila, sem ráðstafað er til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera ákveðið hærra en 80%.

30. gr. *Vannýtt aflamark.*

Því aflamarki viðkomandi skips, sem eftir stendur þegar heimildir skv. 15. og 26. gr. hafa verið nýttar og ekki hefur verið veitt á fiskveiðiárinu, er ráðherra heimilt að ráðstafa í flokk 2 á næsta fiskveiðiári. Þetta skal gert að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar.

VIII. KAFLI

Hámarkshlutdeild, yfirráð og tengdir aðilar.

31. gr. *Hámark aflahlutdeildar eins aðila.*

Þrátt fyrir ákvæði IV. kafla má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	Hámarksaflahlutdeild
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsækja	20%

Nemi heildar(verðmæti) aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem hefur verið ráðstafað í aflahlutdeildir, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildar(verðmæti) aflamarks allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla má samanlögð

aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal (~~annars vegar~~) miða við (~~verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 37. gr., og hins vegar~~) úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu. Þó skal samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, ekki nema hærra hlutfalli en 4% af þorski og 5% af ýsu miðað við heildarkrókaaflahlutdeild í hvorri tegund.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, ekki nema meira en 12% af heildar(~~verðmæti~~) aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum eða meira en 5% af heildar(~~verðmæti~~) krókaaflahlutdeildar. Við mat á heildar(~~verðmæti~~) aflahlutdeildar skal (~~annars vegar~~) miða við (~~verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 23. gr., og hins vegar~~) úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa haft á kaupleigu eða leigu í sex mánuði eða lengur.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

2. Aðilar þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrirnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

3. Lögaðilar þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum skv. 1.–3. tölul. telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

32. gr. *Tilkynningarskylda.*

Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í 1. eða 2. mgr. 31. gr., að tilkynna Fiskistofu um flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 31. gr. hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af

hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframafahlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframafahlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeildar í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeildar í flokki 2.

IX. KAFLI

Framkvæmd og eftirlit.

33. gr. *Reglugerðarheimild.*

Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

34. gr. *Upplýsingaöflun.*

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, fiskmörkuðum, flutningsaðilum og öðrum umráðamönnum afla, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskistofu ókeypis í té og í því formi sem ráðherra ákveður allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara og annarra laga á sviði fiskveiðistjórnar, þ. m. t. laga um veiðigjöld.

Heimilt er ráðherra að leggja á dagsektir skirrist aðilar skv. 1. mgr. við veitingu þeirra upplýsinga sem þar getur. Dagsektir skulu nema 20.000–100.000 kr. fyrir hvern dag. Dagsektir, að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu, renna í ríkissjóð og eru aðfararhæfar.

35. gr. *Kaup og sala skipa.*

Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af þinglýstum kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 42. gr.

36. gr. *Veidieftirlit.*

Fiskistofa annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu. Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum samkvæmt öðrum lögum um fiskveiðistjórn skulu þeir hafa eftirlit með löndun, vigtun, flutningi og vinnslu afla. Enn fremur skulu þeir hafa eftirlit með útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og skulu þeir hafa sérstaka hvílu um borð, eftir því sem við getur átt. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að skipum, vinnslusölum fiskverkenda, birgðageymslum, húsnæði fiskmarkaða og vigtunarleyfishafa og flutningsförum sem flytja afla eða afurðir til að Fiskistofa geti sinnt eftirlitshlutverki sínu lögum samkvæmt. Hafi skipstjóri verið upplýstur um að eftirlitsmaður Fiskistofu fyrirhugi að fara í veiðiferð skips er honum skylt að tilkynna viðkomandi eftirlitsmanni um fyrirhugaða veiðiferð með hæfilegum fyrirvara.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.

Ráðherra getur með reglugerð gert fiskiskipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að. Þá getur ráðherra sett reglur um eftirlit á grundvelli 4. mgr. 10. gr. um veiðar í lögsögu annarra ríkja.

37. gr. *Eftirlit erlendra aðila.*

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings veitt heimild til þess að eftirlitsaðilar erlends ríkis fari til eftirlitsstarfa um borð í íslensk fiskiskip utan fiskveiðilögsögu Íslands skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um eftirlitið.

Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um heimildir eftirlitsaðilanna til þess að rannsaka meint brot gegn veiðistjórnunarreglum á viðkomandi hafsvæði og um réttarvernd þeirra í samræmi við viðkomandi samning. Einnig skal kveðið á um skyldur skipverja á íslenskum skipum, m.a. til þess að ljá atbeina sinn við eftirlitið þegar uppganga fer fram.

38. gr. *Rafræn stjórnsýsla.*

Fiskistofu er heimilt að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks eða krókaafلامarks milli fiskiskipa. Sama gildir um framsal aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar. Þá er Fiskistofu heimilt að viðhafa rafræna meðferð stjórnsýslumála eftir því sem hentugt er. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um gerð þjónustusamninga, rafræna auðkenningu o.fl.

X. KAFLI

Þorskígildi.

39. gr. *Ákvörðun þorskígildis.*

Ráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum á sviði fiskveiðistjórnar, og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

XI. KAFLI

Veiðigjöld.

40. gr. *Álagning veiðigjalda.*

Allir þeir sem (~~fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt lögum þessum, eða~~) landa afla (~~fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en úthlutun aflamarks.~~) skulu greiða veiðigjöld svo sem í lögum um veiðigjöld greinir.

Þessi 40. gr. er óskaplega klúðursleg. Ég hefði kosið að orða hana svona:

Allir þeir sem landa afla úr Fiskveiðilögsögu Íslands, skulu greiða veiðigjöld svo sem í lögum um veiðigjöld greinir.

XII. KAFLI

Viðurlög o.fl.

41. gr. *Stjórnsýsluviðurlög.*

Fiskistofa skal veita áminningar eða afturkalla almennt veiðileyfi fiskiskips og/eða leyfi til strandveiða eða frístundaveiða ef brotið hefur verið gegn lögum þessum eða öðrum lögum um fiskveiðistjórn og/eða reglum settum samkvæmt þeim.

Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu almenns veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.

Ákvörðunum Fiskistofu skv. 1. mgr. verður skotið til ráðherra, enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Almennt veiðileyfi fellur úr gildi ef sérstakt leyfi til veiða er afturkallað af ástæðum sem í 1. mgr. getur. Að sama skapi falla sérstök leyfi til veiða úr gildi ef almennt veiðileyfi er afturkallað.

42. gr. *Refsingar.*

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

43. gr. *Nánari ákvæði.*

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 42. gr. ~~má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.~~ Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Það sem þarna er rauðmerkt og yfirstrikað er klárlega MJÖG alvarlegat brot á mannréttindum og stjórnarskrá lýðveldis okkar. Í 69. gr. segir svo:

69. gr. [Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi.

Í 70. gr. stjórnarskrár segir svo:

[Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

44. gr. *Gildistaka og brottfall laga.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði þeirra um veiðistjórn, ráðstöfun aflamarks o.fl. koma til framkvæmdar við upphaf fiskveiðiársins 2012/2013. Jafnhliða falla úr gildi lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lög nr. 38/1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, og lög nr. 12/1975, um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem haldnar eru sérstökum leyfum.

45. gr. *Breytingar á öðrum lögum.*

Við gildistöku þessara laga breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.*

a. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim varðandi hreinlæti, búnað og innra eftirlit, sem og um meðferð og nýtingu afla, sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands, skulu jafnframt gilda um veiðar þeirra utan hennar. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur varðandi aflanýtingu við veiðar utan lögsögunnar ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

b. Á eftir 4. gr. kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um gerð og frágang veiðarfæra íslenskra skipa við veiðar utan lögsögu Íslands, þar á meðal um lágmarksmöskvastærð. Þá getur hann sett reglur um lokun veiðisvæða og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja verndun smáfisks og ábyrgar veiðar. Ráðherra skal í þessum efnun byggja á samningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt getur ráðherra tekið mið af þeim reglum sem gilda við veiðar í lögsögu Íslands, reglum sem gilda í lögsögu annarra ríkja sem liggur að viðkomandi hafsvæði eða reglum sem settar hafa verið af viðkomandi svæðisstofnun.

c. Í stað orðsins „efnahagslögsögu“ í 1. mgr. 5. gr. kemur: fiskveiðilögsögu.

d. Við 2. mgr. 6. gr. bætast þrjár nýir málslíðir, svohljóðandi: Búnaður til vigtunar og hugbúnaður tengdur honum skal vera með þeim hætti að tryggt sé og unnt að ganga úr skugga um að allur afli sé vigtaður og skulu upplýsingar um niðurstöðu vigtunar vera geymdar í sérstökum gagnagrunni. Þá er það skilyrði vigtunarleyfis að Fiskistofa hafi aðgang til aflestrar á gögnum í gagnagrunnum er geyma niðurstöður vigtunar síðastliðinna fimm ára og skulu gögnin vera á því formi sem Fiskistofa ákveður. Ráðherra setur nánari ákvæði um vigtunarbúnað þar sem m.a. skal kveðið á um gerð og virkni voga, innsigli á búnaði til vigtunar og hugbúnað tengdan honum og nauðsynlegar upplýsingar um niðurstöðu vigtunar.

e. 3. mgr. 9 gr. orðast svo:

Skipstjórar fiskiskipa skulu halda sérstaka afladagbók. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra, kröfu um nákvæmni við skráningu á magni afla, skil á þeim til Fiskistofu o.fl. Afladagbækur skulu vera rafrænar. Þó er skipstjórum fiskiskipa sem eru undir 10 brúttótonnum að stærð og skipstjórum fiskiskipa sem eru undir 15 brúttótonnum að stærð og fengu í fyrsta sinn haffærisskírteini fyrir 1. maí 2002 heimilt að halda afladagbók á bókarformi. Þá er einnig heimilt í reglugerð að veita undanþágu frá skyldu til að halda rafrænar afladagbækur við sérstakar aðstæður, svo sem ef búnaður er bilaður eða ef aðstæður um borð í fiskiskipi eru þannig að ekki er unnt að færa rafræna afladagbók þar.

f. Á eftir 9. gr. kemur ný grein, 9. gr. a, svohljóðandi:

Íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands skulu fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á afladagbókum o.fl. og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Að auki skal

ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana.

g. Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr.:

1. 1. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að taka við, vinna eða stunda viðskipti með afla sem ekki hefur verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla.

2. Á eftir orðunum „Aðilar sem“ í 2. mgr. kemur: taka við, vinna eða.

h. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 13. gr.:

1. Á eftir orðunum: „sambærilegar veiðar“ í 1. málsli. kemur: eða að ekki sé farið að lögum og reglum um veiðarfæri.

2. Í stað orðanna „sjö daga eða sjö“ í 2. og 4. málsli. kemur: tvo daga eða tvær.

3. Í stað orðanna „áttunda degi eða áttundu“ í 4. málsli. kemur: þriðja degi eða þriðju.

i. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: sbr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða.

j. Við 17. gr. bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Telji Fiskistofa að fyrir liggja rökstuddur grunur um að **vigtunarleyfishafi** fari ekki að lögum og reglum um vigtun og skráningu sjávarafla er Fiskistofu heimilt að krefja **vigtunarleyfishafa** um greiðslu alls kostnaðar við sérstakt eftirlit með vigtun og skráningu sjávarafla hjá viðkomandi **vigtunarleyfishafa**. Skal **vigtunarleyfishafa** tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu. Skal **vigtunarleyfishafi** greiða allan kostnað við slíkt eftirlit, þar með talinn launakostnað eftirlitsmanna.

Skelfilega er þetta klúðurslegt orðalag á einni málsgrein. "Vigtunarleyfishafi" tröllríður þessari málsgrein algjörlega og undirstrikar hugmyndafátækt og lítið orðaval textahöfunda. Get eiginlega ekki setið á mér að íslenska þessa málsgrein svolítið og gera hana auðlesnari og skiljanlegri og þá hljóðaði hún svona:

Telji Fiskistofa að fyrir liggja rökstuddur grunur um að handhafi vigtunarleyfis fari ekki að lögum og reglum um vigtun og skráningu sjávarafla, er Fiskistofu heimilt að framkvæma sérstakt eftirlit með vigtun og skráningu sjávarafla hjá viðkomandi aðila. Skal viðkomandi vigtunaraðila tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu og er honum jafnframt skylt að greiða allan kostnað við slíkt eftirlit, þar með talinn launakostnað eftirlitsmanna.

k. Á eftir orðunum „samkvæmt þessum kafla“ í 18. gr. kemur: öðrum en um álagningu stjórnvaldssekta.

1. Á eftir 18. gr. kemur ný grein, 18. gr. a, svohljóðandi:

Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga eða lögaðila ef hann:

1. hagar veiðum þannig að afli skemmist í veiðarfærum eða brýtur gegn ákvæðum í reglugerð um notkun einstakra veiðarfæra, sbr. 1. mgr. 2. gr.,
2. brýtur gegn 2. mgr. 2. gr. um skyldu til að hirða og landa öllum afla,
3. brýtur gegn 2. mgr. 3. gr. um að óheimilt sé að hefja veiðiferð nema skipið hafi aflaheimildir,
4. brýtur gegn 1. mgr. 4. gr. um notkun veiðarfæra,
5. brýtur gegn 2. mgr. 5. gr. um að senda tilkynningar til Fiskistofu,
6. brýtur gegn 1. eða 2. mgr. 6. gr. um skyldu til vigtunar afla,
7. sem löggiltur vigtarmaður, brýtur gegn 7. gr.,
8. hindrar störf eftirlitsmanns skv. 1. mgr. 8. gr.,
9. brýtur gegn ákvæðum 9. gr. um meðferð afla, upplýsingagjöf og afladagbækur,
10. brýtur gegn 9. gr. a um afladagbækur,
11. sem ökumaður afla, brýtur gegn 10. gr.,
12. brýtur gegn 1. mgr. 12. gr. um meðferð afla sem ekki hefur verið veginn samkvæmt reglum um vigtun sjávarafila.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 250 þús. kr. til 150 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til þeirra hagsmuna sem í húfi eru, alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, hvort brot leiðir til rangskráningar afla, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða sl. tvö ár. Ráðherra er heimilt að ákveða fjárhæðir sekta sem lagðar eru á samkvæmt einstökum tölulíðum þessarar greinar í reglugerð, innan þess ramma sem ákveðinn er í þessari málsgrein.

Gjaldddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Um dráttarvexti af greiðslu hennar fer samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu. Ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Stjórnvald getur fellt mál niður í stað þess að leggja á stjórnsýsluviðurlög þegar svo stendur á sem hér segir:

1. ómögulegt var að koma í veg fyrir brot,
2. brot er mjög smávægilegt,
3. ef sérstaklega stendur á og álagning stjórnsýsluviðurlaga þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluástandum.

Aðili máls getur einungis skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Málskot frestar aðför.

m. Við 22. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fiskistofu er heimilt að innheimta gjald fyrir vinnslu sértækra upplýsinga ef sérvinnsla slíkra upplýsinga krefst sérstakrar vinnu eða undirbúnings af hálfu stofnunarinnar.

n. Á eftir orðunum „reglum settum samkvæmt þeim“ í 1. mgr. 23. gr. kemur: sem ekki varða álagningu stjórnvaldssektar skv. 18. gr. a.

o. 2. mgr. 23. gr. fellur brott.

2. *Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.*

a. Í stað orðanna „laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum“ í 4. gr. kemur: 5. gr. laga um stjórn fiskveiða.

b. Í stað orðanna „sbr. 7. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum“ í 2. mgr. 7. gr. kemur: sbr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða.

3. *Lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998:* Lagatíðisunin „nr. 116/2006“ í 1. másl. 1. mgr. 6. gr. a fellur brott.

4. *Lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998:* Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

a. Við upptalningu á greinum laga nr. 57/1996 bætist: 9. gr. a.

b. Í stað orðanna „15. og 17. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða“ kemur: 34. og 36. gr. laga um stjórn fiskveiða.

5. *Lög um sjávarafurðir, nr. 55/1998:* Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr.:

a. Lagatíðisunin „nr. 38/1990“ í 1. másl. 1. mgr. fellur brott.

b. Lagatíðisunin „nr. 116/2006“ í 1. másl. 2. mgr. fellur brott.

6. *Lög um veiðieftirlitsgjald, nr. 33/2000.*

a. Orðin „laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands“ í 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 4. gr. falla brott.

b. Á eftir 3. gr. kemur ný grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar skv. 42. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða 12.000 kr. til Fiskistofu fyrir hvert fiskveiðiár.

c. Í stað tölunnar „19.500“ í 1. másl. 4. mgr. 4. gr. kemur: 29.000.

7. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003:* Í stað lagatíðisunarinnar „5. gr. laga nr. 38/1990“ í 2. mgr. 48. gr. kemur: lögum um stjórn fiskveiða.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Reglugerðir með stoð í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær eru ekki í bága við lög þessi eða lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með áorðnum breytingum.

II.

[Aflahlutdeildir](#) fiskiskips skerðast frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013 um 9,5% af þorski, 6,9% af ýsu, 7,2% af ufsa, 9,8% af steinbít og 5,3% af öllum öðrum tegundum þar sem aflahlutdeild hefur verið úthlutað. Þessari aflahlutdeild er ráðstafað varanlega í flokk 2.

Við frádrátt skv. 1. mgr. skal tekið mið af sérstakri tilgreiningu eigenda veiðiskipa á þeim tegundum sem hlutfall skal dregið frá. Slíkt er þó aðeins heimilt að því leyti sem samanlögð þorskígildi aflaheimilda sérstaklega tilgreindra tegunda eru jöfn samanlögðum þorskígildum fráðreginna aflaheimilda. Aðeins er heimilt að tilgreina ýsu, ufsa, þorsk og steinbít.

Þeim aflaheimildum sem dregnar eru frá heildarafla skv. 1. mgr. er ráðherra heimilt að skipta í aðrar tegundir. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu ákveðna framkvæmdaþætti til að tryggja að skipti þessi geti gengið eftir. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur.

III.

Ráðherra skal eigi síðar en 1. september 2012 setja á fót nefnd til að gera tillögur að endurskoðun ákvæða VIII. kafla um [hámarkshlutdeild](#), yfirráð og tengda aðila.

IV.

Sé [krókaaflahlutdeild](#) fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1. eða 2. mgr. 31. gr. skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 32. gr. og gilda þá ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar. Aðili skal þó hafa frest til 1. september 2013 til að ráðstafa [krókaaflahlutdeildinni](#) þannig að hún rúmist innan settra marka. Að öðru leyti gildir 2. mgr. 32. gr. um hámark [krókaaflahlutdeildar](#).

V.

Ráðherra skal eigi síðar en 1. september 2012 setja á fót nefnd sem móti stefnu um meðferð stofna sem ekki hafa verið settir í [aflahlutdeild](#).

VI.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal ráðherra setja á fót nefnd með aðild samtaka sveitarfélaga og hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem geri tillögur um reglur um ráðstöfun tekna skv. 2. mgr. 19. gr.

VII.

Við skiptingu á aflamarki innan flokks 2 fiskveiðiárið 2012/2013, sbr. 18. gr. þessara laga, skal miðað við eftirfarandi töflu, verði sami heildaraflí ákveðinn og á fiskveiðiarinu 2011/2012:

Þorsgildistonn	Núverandi staða (2011/2012)*	Núverandi staða með öðrum tegundum í 5,3%*	
Strandveiðar	6.665	6.665	
Línuviltun	5.077	4.655	
Byggðakvóti	6.204	3.100	
Rækju- og skelbætur	2.010	1.340	
Frístundaveiðar	252	335	
Ráðstöfun til kvótaþings	0	15.500**	
Áframeldi, þorskur	420	420	
Samtals	20.628	36.015	
* Makrill er ekki talinn með .			
** Að auki koma til ráðstöfunar 4.500 tonn af þorski, sbr. 3. mgr.			

Ekki er gert ráð fyrir að magntölur til annarra ráðstafana en til kvótaþings taki breytingum þótt heildaraflí verði aukinn.

Verði heildaraflí þorsks á fiskveiðiárinu 2012/2013 ákveðinn meiri en aflí yfirstandandi árs, þ.e. 177.000 tonn, skulu fyrstu 4.500 tonninn af þeirri aflaukningu renna til flokks 2 á því fiskveiðiári áður en til skiptingar kemur milli flokks 1 og flokks 2 á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða II, sbr. einnig ákvæði 8., 11. og 18. gr.

Að mínu áliti er þetta frumvarp gjörsamlega ónothæft til þeirrar lagasetningar sem því er ætlað. Líklega er texti þess saminn af aðilum sem ekkert þekkja til þeirrar starfsemi sem þarna um ræðir, eða hugmyndafræði þeirra um orðanotkun verulega fátækleg. Ég hef ekki enn haft tíma til að liggja ígrundað yfir öllum textanum en fannst með ólíkindum hve yfirsýn textahöfundar er fátækleg og skilningur enginn, þegar ekki einu sinni er vakandi vitund um það sem segir í markmiðum lagatextans. Vel má vera að frá mér komi fleiri athugasemdir ef þessi hryggðarmynd verður að lögum hjá ykkur.

Með kveðju,
Guðbjörn Jónsson
kt: 101041-3289
Kríuhólum 4, 111 Reykjavík